



ATVINNU-, FERÐA- OG MENNINGARNEFND

HRUNAMANNAHREPPS 2022 – 2026

12. fundur Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn miðvikudaginn 29. janúar 2025 kl. 18:30 á Hótel Hill Flúðum.
Fundað um Jólamarkaðinn sem haldinn var 30. Nóvember 2024 og um það sem er framundan hjá nefndinni.

Mættir eru: Ragnhildar S. Eypórsdóttur formaður, Arna Þöll Sigmundsdóttir nefndarmaður sem ritaði fundargerð í tölvu og Herbert Hauksson nefndarmaður.

1. Jólamarkaður Hrunamannshrepps 2024

Þann 30. Nóvember 2024 hélt Atvinnu, Ferða og menningarnefnd Hrunamannahrepps jólamarkað Hrunamannahrepp þriðja árið í röð. Það voru 27 söluaðilar sem komu og voru með sínar vörur til sölu á markaðnum hjá okkur. Ekki þurfti að greiða neitt gjald fyrir að taka þátt í markaðnum.

Við fengum fyrirtækið Ristaðar Möndlur til að koma og vera hjá okkur á markaðinum í 2 klukkutíma og gefa öllum gestum og söluaðilum möndlur sem voru ristaðar á staðnum og vakti það mikla lukku. Þetta var gjaldlaust og í boði Hrunamannahrepps. Blaðrarinn kom til okkar annað árið í röð og var inní Huppusal í 2 tíma að búa til ýmis blöðrudýr með krökkunum og fengu allir sem vildu blöðrudýr til að taka með sér heim, þetta var einnig gjaldlaust og í boði Hrunamannahrepps. Ekki spurning að bóka hann að ári. Ævar Eyfjörð kom með gítarinn og tók nokkur vel valinn lög og myndaðist skemmtileg jólastemning. Jólasveinar ráku nefið inn og var það mjög vinsælt, þeir komu með mandarínur og gáfu öllum sem vildu. ÍBU stóð sig vel og var með kaffisölu með vöfflum og ýmsu góðgæti og einnig með vörur til sölu til styrktar félagsins. Markaðurinn var mjög vel sóttur og mikil ánægja hjá gestum og söluaðilum. Fjölbreytt og mikið úrval af flottum vörum og mat.

Markaðurinn gekk mjög vel og erum við nefndarmenn mjög stolt af þessum flotta jólamarkað sem er orðin hefð hérna hjá okkur og með hverju ári verður markaðurinn enn betri og flottari. Mikil og fjölbreytt dagskrá verður þennan dag um alla sveitina og eykst fólksfjöldi á hverju ári sem leggur leið sína til okkar á jólamarkað Hrunamanna.

Punktur um það sem mætti huga að á næsta ári:

- Hafa útidyrhurðina læsta þar til markaðurinn á að hefjast þar sem gestir voru byrjaðir að streyma inn 20 mínútur fyrir opnun og ekki var allir klárir á þeim tíma.
- Skoða að bóka fyrirtækið Ristaðar Möndlur að ári en hafa þau betur staðsett.
- Leggja meiri vinnu í skreytingar t.d. í samstarfi við fyrirtæki úr sveitinni. Fá stóran jólakrans til að hafa í andyrinu og stóra pakka ásamt öðru.
- Umræður um að taka upp sanngjarnt gjald fyrir borðin og geta þá nýtt það sem kemur inn til þess að gera markaðinn enn betri.
- Reyna að passa að það hitti ekki þannig á að það verði jólamarkaðir á sama tíma hjá sveitarfélögunum í kring. Það tekur frá okkur gesti og við fundum að það var mikið minni kaffisala en síðustu ár því fólk var að fara á milli markaða og það var kaffisala á öllum stöðum. Ragnhildur hefur samband við þá aðila um tímasetningu.

2. Páskaeggjaleit Hrunamannahrepps 2025

Byrjað var á skipulagningu á næsta viðburði nefndarinnar sem er Páskaeggjaleit Hrunamannahrepps. Í ár verður þetta í 3 skipti sem að nefndin heldur þennan viðburð og hefur hann verið mjög vinsæll og vakið mikla lukku. Ákveðið var að hafa Páskeggjaleit Hrunamannahrepps mánudaginn 21. apríl, annan í páskum. Viðburðinn verður með svipuðu móti og síðustu ár nema huga verður betur að varaáætlun ef að veðrið verður ekki gott. Nefndin er með áform um hvernig skal mæta því og ætlar halda áfram að huga að því og skipuleggja þennan viðburð.

3. Nefndin fékk það hlutverk frá Sveitarstjórn að skipa í 2 sæti fyrir afmælisnefnd Hrunamannahrepps. Nefndin hefur talað við Halldóru Hjörleifsdóttur og skipað hana í

nefndina og einnig hefur Herbert Hauksson samþykkt að sita í nefndinni. Esther Guðjónsdóttir er formaður og svo sita þau Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri og Daði Geir Samúelsson sveitarstjórnarmaður í nefndinni.

4. Uppskeruhátíðin verður 6.september 2025, Arna Þöll er búin að hafa samband við Sigrúnu og bóka félagsheimilið þennan dag. Uppskerumessan verður á sama tíma líkt og áður.
5. Hugað var að dagsetningu fyrir Jólamarkað 2025. Lagt er upp með að vera fyrsta laugardag í desember eins og áður, sem er þann 6.desember. Arna Þöll er búin að bóka Félagsheimilið þá dagsetningu, þó með fyrirvara um að hafa samband við Kvennfélögin í næstu sveitum til að fyrirbyggja að markaðurinn verði ekki á sama tíma og aðrir jólamarkaðir ef hægt er.
6. Rætt var um atvinnumál sveitarinnar og nefndin stakk uppá því að skoða hvort að hægt væri að fá áhugaverðan fyrirlesara til að koma hingað til okkar og halda fyrirlestur um áhugavert málefni í atvinnumálum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:06.